**152. löggjafarþing 2021–2022.**
**Þingskjal 1284 — 738. mál.**

# Fyrirspurn

**til dómsmálaráðherra um lögheimilisskilyrði laga um gjaldþrotaskipti.**

Frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur.

1. Hver eru rökin fyrir því að einstaklingar þurfi að hafa lögheimili á Íslandi til að geta leitað gjaldþrotaskipta á eigin búi, sbr. 4. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.?
2. Telur ráðherra umrætt skilyrði samræmast meginreglum EES-samningsins um frjálsa för vinnuafls og samræmingu á sameiginlega markaðnum?
3. Telur ráðherra koma til greina að leggja til breytingar á lögunum svo að Íslendingar búsettir erlendis geti leitað gjaldþrotaskipta á Íslandi?

**Skriflegt svar óskast.**